



Fjölmenningarstefna

Dalvíkurbyggðar



Efnisyfirlit

Formáli	3
Leiðarljós	4
Framtíðarsýn	4
Meginstefna	4
Stjórnsýsla	4
Þjónusta	5
Heilbrigðismál	6
Ábyrgð	7
Gagnlegir tenglar.....	8
Skilgreiningar á hugtökum	8

Formáli

Dalvíkurbyggð er sveitarfélag í utanverðum Eyjafirði. Íbúafjöldi þar 1. júlí 2019 var 1920, þar af eru um 11,5% íbúa með erlent ríkisfang (220) samkvæmt tölum Hagstofunnar. Til samanburðar má geta að á starfssvæði Eyþings eru um 7,9% íbúanna með erlent ríkisfang og á landsvísu eru um 13% íbúa með erlent ríkisfang ef tekið er mið af tölum Hagstofunnar frá 1. júlí 2019. Það er því ljóst að hlutfall íbúa með erlent ríkisfang er hærra í Dalvíkurbyggð heldur en heilt yfir á starfssvæði Eyþings en heldur lægra en hlutfallið á landsvísu.

Hlutverk sveitarfélaganna er að sinna lögbundnum verkefnum sveitarfélaga auk valkvæðra verkefna til hagsbóta fyrir íbúana og framtíð sveitarfélaganna eftir því sem fjárhagur og aðstæður leyfa á hverjum tíma. Íbúarnir eru verðmætasta auðlind hvers samfélags og því er það mikilvægt verkefni sveitarfélaga að taka vel á móti nýjum íbúum, íslenskum sem erlendum. Í þeim tilgangi og í ljósi þess hversu hátt hlutfall íbúa Dalvíkurbyggðar hefur erlent ríkisfang, samþykkti sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar á 288. fundi sínum þann 17. janúar 2017 að ráðast í gerð fjölmenningsstefnu fyrir Dalvíkurbyggð. Í kjölfar þeirrar ákvörðunar var skipaður vinnuhópur og honum sett erindisbréf.

Í vinnuhópnum sátu Björk Hólm Þorsteinsdóttir, forstöðumaður safna, Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson, formaður byggðarráðs og Margrét Víkingsdóttir, upplýsingafulltrúi. Hlé var gert á vinnu hópsins meðan unnið var að málstefnu Dalvíkurbyggðar. Vorið 2019 setti byggðarráð vinnuna aftur af stað en þá höfðu orðið breytingar á vinnuhópnum. Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson, forseti sveitarstjórnar hélt áfram en í stað Margrétar, sem var hætt störfum og Bjarkar Hólm sem var í fæðingarorlofi komu þær Íris Hauksdóttir, þjónustu- og upplýsingafulltrúi og Björk Eldjárn Kristjánsdóttir starfandi forstöðumaður safna. Til grundvallar vinnu við Fjölmenningsstefnu Dalvíkurbyggðar leit hópurinn mikið til [Fjölmenningsstefnu Eyþings](#) sem var endurútgefin í september árið 2017.

Fjölmenningsstefna Dalvíkurbyggðar er sett upp í kaflana stjórnarsýsla, þjónusta, atvinnulíf og heilbrigðisþjónusta og er hverjum kafla síðan skipt upp í markmið og leiðir. Þannig væntir vinnuhópurinn þess að stefnan skili af sér skýrum markmiðum og mögulegum leiðum til ávinnings. Aftast í stefnunni er svo að finna orðskýringar.

Leiðarljós

Lykillinn að íslensku samfélagi er kunnátta í íslensku, þekking á íslensku samfélagi og gildi fjölmenningar.

Framtíðarsýn

Grunngildi samfélagsins einkennast af víðsýni, virðingu og samkennd þar sem litið er á ólíkan bakgrunn íbúanna sem auðlind. Samfélagið tekur vel á móti innflytjendum og styður þá til góðra verka, en væntir þess að allir virði menningu og siði þess samfélags sem þeir kjósa að búa í.

Meginstefna

Að allir íbúar Dalvíkurbyggðar njóti jafnra tækifæra og verði virkir þátttakendur í samfélaginu á sem flestum sviðum mannlífsins. Að innflytjendur skynji að þeir séu velkomnir og að þeir búi við öryggi.

Stjórnsýsla

1. markmið

Tekið sé vel á móti innflytjendum og öll þjónusta Dalvíkurbyggðar við þá sé samþætt og allar grunnupplýsingar aðgengilegar á einum stað.

Leiðir:

- Þjónustuver Skrifstofa Dalvíkurbyggðar veiti innflytjendum upplýsingar og aðstoði eftir þörfum, til dæmis við umsóknir um kennitölu, lögheimilisskráningu og aðrar upplýsingar um réttindi og skyldur.
- Leitast skal við að tryggja að einstaklingur sem skilur ekki íslensku geti fengið úrlausn erinda sinna hjá Dalvíkurbyggð. Auk þess skulu starfsmenn kalla eftir aðkomu túlka þegar nauðsynlega er talin þörf á í samráði við næsta yfirmann samkvæmt málstefnu.
- Innflytjendum sé sent kynningarbréf um þjónustu Dalvíkurbyggðar á ensku samkvæmt 3. kafla málstefnu, sambærilegt og það kynningarbréf sem aðrir nýfluttir íbúar fá sent er þeir flytja í sveitarfélagið.
- Bókasafn Dalvíkurbyggðar sé félags- og menningarmiðstöð fyrir innflytjendur og þar megi nálgast helstu upplýsingar um menningu og samfélag.

2. markmið

Dalvíkurbyggð vinni markvisst að því að hvetja innflytjendur til þátttöku í almennum kosningum sem og almennt til þátttöku í umræðum um málefni sveitarfélagsins.

Leiðir:

- Kjörstjórn auglýsi framkvæmd kosninga á fleiri tungumálum en íslensku.
- Framboð til sveitarstjórnar sé hvött til að kynna stefnuskrár á fleiri tungumálum en íslensku og hafa málefni innflytjenda í huga við samsetningu á framboðslistum til sveitarstjórnarkosninga.
- Rafrænar kannanir og kosningar séu auglýstar á fleiri tungumálum en íslensku.

3. markmið

Dalvíkurbyggð veitir upplýsingar um þjónustu sína á íslensku og ensku samkvæmt málstefnu sveitarfélagsins.

Leiðir:

- Fjölmenningarstefna sveitarfélagsins sé aðgengileg á íslensku og ensku samkvæmt málstefnu á heimasíðu sveitarfélagsins.
- Á heimasíðu Dalvíkurbyggðar sé hægt að finna á einum stað upplýsingar um málefni sveitarfélagsins á íslensku og ensku samkvæmt málstefnu, t.d. innskráningu í leikskóla, ÆskuRækt, Mín Dalvíkurbyggð, hitaveitu og svo framvegis.
- Stofnanir séu merktar alþjóðlegum myndmerkingum á helstu þjónustustöðum t.d. með skiltum.

Þjónusta

4. markmið

Gott aðgengi að túlkajónustu.

Leiðir:

- Til séu leiðbeiningar um viðeigandi notkun túlka þegar kemur að þjónustu veitta af sveitarfélaginu.
- Vakin sé athygli á fjölbreyttum möguleikum þegar kemur að túlkajónustu svo sem staðtúlkun, fjartúlkun og samfélagstúlkun.
- Dalvíkurbyggð kanni áhuga annarra nærliggjandi sveitarfélaga á námskeiði fyrir samfélagstúlka og nýti krafta þeirra eins og mögulegt er.

5. markmið

Unnið verði markvisst að því að stuðla að þátttöku barna innflytjenda í íþróttá- og tómstundastarfi.

Leiðir:

- Upplýsingagjöf (rafrænn bæklingur) á íslensku og ensku um íþróttir og tómstundir, m.a. í samstarfi við íþróttafélög, skóla og félagsþjónustu.
- Ef mögulega er hægt skal stefna að því að á starfslista félagsmiðstöðva séu einstaklingar úr hópi innflytjenda.
- Stuðlað að myndun tengslanets t.d. að íslenskur iðkandi taki með sér gesti á nokkrar íþróttæfingar.

6. markmið

Hæfni og þekking starfsfólks sé eflid í þjónustu við innflytjendur.

Leiðir:

- Starfsfólki Dalvíkurbyggðar verði boðið upp á fræðslu og námskeið í tengslum við fjölmenningsstefnuna. Sérstaklega verði hugað að þeim starfsmönnum sem eru í miklum beinum samskiptum við innflytjendur svo sem starfsfólk í þjónustuveri, á bókasafni og íþróttamiðstöð og þeim boðið námskeið því til stuðnings.

7. markmið

Taka vel og með markvissum hætti á móti nemendum í leik- og grunnskóla.

Leiðir:

- Skólastofnanir Dalvíkurbyggðar vinni eftir fjölmenningsstefnu sveitarfélagsins en hafi hver fyrir sig sína verkáætlun og stefnu samkvæmt leik- og grunnskólalögum.
- Foreldrar fá sem gleggsta mynd af íslensku skólakerfi og skólastarfi. Sérstaklega skal hugað að þátttöku þeirra í skólastarfinu og vinna þannig gegn einangrun.
- Rafrænir upplýsingabæklingar á íslensku og ensku samkvæmt málstefnu, t.d. um menningu, hátíðisdaga, hefðir skóla, foreldrasamstarf, heimanám o.fl. verði aðgengilegir á heimasíðum skóla Dalvíkurbyggðar.
- Upplýsingar á íslensku og ensku samkvæmt málstefnu um framhaldsskóla á svæðinu séu aðgengilegar á heimasíðu Dalvíkurbyggðar.

8. markmið

Vinna að því að fullorðnir innflytjendur eigi kost á og hafi sem jafnastan aðgang að, góðri íslenskukennslu, samfélagsfræðslu og fræðslu um íslenskt náttúrufar.

Leiðir:

- Dalvíkurbyggð sýni gott fordæmi og bjóði erlendum starfsmönnum sínum á námskeið á vinnutíma sem styrki þá í starfi og efli samfélagslega stöðu þeirra.
- Samfélagsfræðsla og fræðsla um íslenskt náttúrufar sé fléttuð inn í íslenskunám fyrir innflytjendur.
- Dalvíkurbyggð taki þátt í og stuðli að formlegri samvinnu aðila sem málinu tengjast, s.s. sveitarfélaga, verkalýðsfélaga, atvinnurekenda og fræðsluaðila.

Atvinnumál

9. markmið

Dalvíkurbyggð gangi á undan með góðu fordæmi við auglýsingu starfa þannig að innflytjendur hafi jafnan aðgang og aðrir að atvinnuauglýsingum. Sveitarfélagið gæti þess við ráðningar í störf að innflytjendur hafi sömu tækifæri og aðrir.

Leiðir:

- Ef þörf krefur veiti Dalvíkurbyggð innflytjendum sem ráðnir hafa verið til starfa hjá sveitarfélaginu stuðning fyrst eftir að viðkomandi hefur störf.
- Dalvíkurbyggð gangi á undan í því að bjóða upp á starfsþjálfun, endurmenntun og aðgang að starfstengdu námi í samvinnu við Vinnumálastofnun og aðrar stofnanir.

Heilbrigðismál

10. markmið

Dalvíkurbyggð leitist við að tryggja upplýsingaflæði til innflytjenda vegna heilsugæslu þó svo að heilbrigðismál séu ekki verkefni sveitarfélaga.

Leiðir:

- Það svið eða starfsmaður sem fer með fjölmeningarmál sé í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Norðurlands vegna mála sem gætu varðað bæði sveitarfélagið og heilsugæsluna.

Ábyrgð

Byggðarráð ber ábyrgð á fjölmeningarstefnu Dalvíkurbyggðar sem og innleiðingu hennar. Fagsvið og stjórnendur stofnana sveitarfélagsins bera ábyrgð á að framfylgja henni.

Samkvæmt ábendingum [Fjölmeningarseturs](#) Íslands við yfirllestur þessarar stefnu í október 2019, mætti skoða að myndaður verði samráðsvettvangur meðal stofnana sveitarfélagsins til að samhæfa þjónustu og að sett verði saman fjölmeningarráð til að fylgja eftir og þróa áfram fjölmeningarstefnu sveitarfélagsins.

Við innleiðingu á þessari stefnu leggur vinnuhópurinn til að hafa skuli til hliðsjónar heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna enda er það eitt af verkefnum sveitarfélagsins Dalvíkurbyggðar árið 2020 að hefja innleiðingu þeirra.

Það er von okkar að með þessari fjölmeningarstefnu eignumst við í Dalvíkurbyggð úrræði til að koma í veg fyrir félagslega einangrun innflytjenda og til þess að sporna markvisst gegn fordómum. Þar er öll fræðsla mjög mikilvæg s.s. fræðsla um fjölmeningu, alþjóðavæðingu og neikvæðar afleiðingar fordóma. Einnig vonumst við til þess að fyrirtæki og félagasamtök í sveitarfélaginu leggist saman á eitt þannig að öll getum við gengið í sama takti þegar kemur að þessum málaflokki. Það er hagsmunamál samfélagsins alls. Með þetta í huga má líta til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, gr. 10.2:

Eigi síðar en árið 2030 verði öllum gert kleift að taka þátt í félagslífi og hafa afskipti af efnahagsmálum og stjórnámálum, án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða, efnahags eða annarrar stöðu.

*Björk Eldjárn Kristjánsdóttir
Björk Hólm Þorsteinsdóttir
Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson
Íris Hauksdóttir
Margrét Víkingsdóttir*

Gagnlegir tenglar

Málstefna Dalvíkurbyggðar:

<https://www.dalvikurbyggd.is/static/files/Adalvefur/Stefnur/190219.malstefna-dalvikurbyggdar.lok.pdf>

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:

<https://www.un.is/heimsmarkmidin/>

Fjölmenningsstefna Eyþings:

https://www.eything.is/static/files/SamningarOgSkrýslur/fjolmenningarstefna_eythings_2017_lokau_tgafa.doc

Fjölmenningssetrið:

<https://www.mcc.is/>

Skilgreiningar á hugtökum

Innflytjandi: Með hugtakinu innflytjandi (*e. immigrant*) er átt við útlending sem sest hefur að til langframa í landinu en er fæddur erlendis eða báðir foreldrar einstaklings séu fæddir erlendis eða hafi einhvern tíma haft erlent ríkisfang. Innflytjendur eiga það sameiginlegt að hafa annað mál en íslensku að móðurmáli, en með móðurmáli er átt við það tungumál er barn lærir fyrst (Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda. Félagsmálaráðuneytið, jan. 2007).

Samfélagstúlkur: Telst vera öll túlkun talaðs máls önnur en dómtúlkun og ráðstefnutúlkun, á þeim stað sem kaupandi þjónustu tiltekur hverju sinni. Samfélagstúlkun felur í sér gagnvirkni þar sem túlkurinn er miðlari tjáskipta milli þeirra aðila sem tala ólík tungumál og þurfa þar af leiðandi aðstoð. <https://www.rikiskaup.is/rammasamningar/flokkar/adkeypt-thjonusta/-tulkar-og-thydingar/rnr/1000049>

Samþykkt í byggðaráði 17. janúar 2020

Samþykkt í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar 21. janúar 2020